

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
b.t. Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Hella 5. mars 2018
UST201712-168/J.S.J.
10.04.03

**Umsögn Umhverfisstofnunar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Skálholt
(Landnúmer: 167166).**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita er barst 19. desember sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Skálholt í Bláskógabyggð.

Fram kemur í tillöggunni að markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð. Hugað verði að skipulagi byggðar og búskaps, umferðar og gróðurs í umhverfi ríku af minjum og sögu. Heildarstærð jarðarinnar er um 1.500 ha. og nær tillagan til jarðarinnar allrar.

Skipulagssvæði

Umhverfisstofnun bendir á að hluti hins fyrirhugaða deiliskipulagssvæðis er svæði á náttúruminjaskrá nr. 764, þ.e. Skálholtstunga og Mosar, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt. Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að jörðin er rúmlega 1.500 ha að stærð, þar af eru um 50 ha. ræktuð tún og akrar. Trjám hefur verið plantað á um 38 ha. svæði norðan við Skálholtsveg og liggar fyrir samningur um stækkun sem nær til 249 ha svæðis. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum, þarf að kanna matsskyldu framkvæmdar þar sem um er að ræða nýræktun skóga á allt að 200 ha. svæði sem breytir fyrri landnotkun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við val á landi undir skógrækt séu þau svæði greind sem áætlað er að rækta og landsvæði sem henta til skógræktar skilgreind, áður en ráðist er í stórfellda skógrækt. Greina þyrti hverjar séu þær vistgerðir og landslandsgerðir sem finnast á þeim svæðum sem áætlað er að nýta fyrir nýræktun skóga, þannig að öruggt sé að það land henti vel til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi eða

jarðmyndanir. Notkun innfluttra tegunda ætti að vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum og taki til fjölbættra landnýtingasjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika.

Umhverfisstofnun bendir á að í XII. kafla 70. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslagra ræktunarsvæði

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að landið er algróið myrlendi, sundurslitið af klapparásum sem halda norðaustur-suðvestur stefnu eins og flest móbergsfjöll sunnanlands yfir eldvirku belti nærrí flekamótum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. og 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skal forðast að raska vistkerfum og jarðminjum s.s. votlendi, mikilvægum birkiskóum, heitum uppsprettum ásamt lífríki sem tengist þeim og virkum ummyndum og útfellingum sem njóta sérstakara verndar, nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin bendir á að skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi m.a. leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að upplýsingaskilti og aðrar merkingar innan skipulagssvæðisins skulu vera í samráði við stjórn Skálholts og ef um skilti tengd minjum svæðisins er að ræða skulu þau vera í samráði við Minjastofnun Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin stóð að gerð handbókar um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Þingvallajökóðgarð og Ferðamálastofu varðandi fræðslu og leiðbeiningar fyrir aðila sem standa að merkingum á ferðamannastöðum og náttúruverndarsvæðum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að rýra menningarsögulegt og fagurfræðilegt gildi Skálholts og að ásýnd staðarins muni ekki raskast við áætlaðar nýbyggingar eða skógrækt á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðsetningar áætlaðra bygginga sem nú er verið að deiliskipuleggja á Skálholtsstað verði skoðaðar af kostgæfni. Sérstaklega þarf að hafa í huga að þær risi ekki of nálægt Skálholtskirkju og raski þeim heildarsvip sem náðst hefur við þróun núverandi byggðar. Umhverfisstofnun telur að meta þurfi umhverfisáhrif nýrra bygginga á ásýnd svæðisins og að þess verði gætt að nýframkvæmdir hafi ekki verulega neikvæð sjónræn áhrif á Skálholt og umhverfi.

Virðingarfyllst

Jón Smári Jónasson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur